

Nd.

85. Frumvarp til laga

[77. mál]

um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Björn Pálsson, Ágúst Þorvaldsson, Garðar Halldórsson.

1. gr.

Síðari málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst $7\frac{1}{2}$ millj. króna á ári næstu 25 ár.

2. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 40 þús. kr. á hvert býli, er greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu er lokið, sbr. 17. gr. Til þessara ráðstafana leggi ríkissjóður fram minnst 2 millj. kr. árlega.

3. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 38. gr., greiðir ríkissjóður $7\frac{1}{2}$ millj. kr. á ári næstu 3 ár.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á verðlagi í landinu undanfarin ár og þó einkum vegna laga um efnahagsmál, sem samþykkt voru á þessu ári. Þessar verðlagsbreytingar valda því, að Landnám ríkisins skortir fé til að leysa þau verkefni, sem því eru ætluð. Samkv. 5. gr. laga um landnám er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins til að undirbúa ræktun lands vegna byggðahverfa og einstakra býla hækki úr 5 milljónum í $7\frac{1}{2}$ milljón króna eða um 50%. Verðlag á girðingarefni og jarðræktarvélum mun hafa tvöfaldast, síðan lögin voru samin. Veldur þetta því, að allur kostnaður við undirbúning jarðræktar stórhækkar. Eru því $7\frac{1}{2}$ milljón nú tiltölulega lægri fjárhæð en 5 milljónir voru 1957. Þeir, sem reist hafa nýbýli, hafa fengið framlag til jarðræktar frá Landnámi ríkisins, allt að 35 þús. kr. Auk þess hafa þeir fengið 25 þús. kr. framlag til að reisa íbúðarhús eða alls 60 þús. kr. Þetta framlag hefur sennilega verið of lítið í byrjun, því að ýmsir, sem hafa byggt sér nýbýli, eru að gefast upp. Það gefur auga leið, að eins og verðlag er nú, er 60 þús. kr. framlag til að reisa nauðsynlegar byggingar á býli og rækta nægilega stórt tún allt of lítil fjárhæð. Verði frumvarp þetta samþykkt, fær sá, sem íbúðarhús reisir, 40 þús. kr. framlag og 50 þús. kr. til ræktunarframlag. Þetta er að okkar áliti of lítil styrkur, en þó nokkur úrbót frá því sem verið hefur.

Á síðasta þingi var samþykkt lagaheimild til að veita bændum, sem hefðu þróngan fjárhag, jafnt framlag til að byggja íbúðarhús og þeir fá, sem reisa nýbýli. Slík framlög áttu að greiðast af því fé, sem Landnám ríkisins hefur til umráða samkvæmt 41. gr., en ekki var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu. Við höfum fengið það upplýst hjá landnámsstjóra, að í mesta lagi geti hann varið 750 þús. kr. til íbúðarhúsabygginga á eldri býlum á þessu ári og engu á næstu árum, nema fjárframlag samkvæmt 41. gr. verði aukið.

Verðlag á byggingarefni hefur hækkað um 50—70% á þessu ári. Þeir bændur, sem eru að byggja íbúðarhús nú eða eiga það eftir, eru yfirleitt efnalítillir og hafa erfiða aðstöðu. Þeir, sem betur eru stæðir, hafa þegar byggt. Augljóst er, að fátækir bændur hafa ekki fjármagn til að reisa íbúðarhús án aðstoðar með því verðlagi, sem nú er. Í mörgum tilfellum hafa þessir bændur lagt mikið fé í ræktun, útihúsabyggingar og vélakaup. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er því óskynsanlegt að láta þau verðmæti fara forgörðum af því, að ógerlegt er fyrir þá að reisa íbúðarhús vegna þess, hve verðlag er óhagstætt. Það borgar sig því betur fyrir þjóðfélagið að leggja fram 1—2 millj. kr. næstu 3 ár til styrktar þessum bændum heldur en þeir yfirgefi jarðir sínar og tugmilljóna verðmæti verði ónýtt. Við leggjum því til í þessu frumvarpi, að framlag ríkissjóðs samkvæmt 41. gr. verði hækkað úr 5 millj. kr. í $7\frac{1}{2}$ millj. kr. næstu 3 ár vegna þess, að verkefni landnámssjóðs hefur aukizt, og einnig af því, að kostnaður við jarðrækt hlýtur að verða mun meiri en verið hefur.